

Kynhlutverk og ábyrgð karla – Frá konum til karla.
Ráðstefna um kynferðisofbeldi, Tjarnarbíói, Reykjavík,
25. nóvember 2006, haldin á vegum Stígamóta og
karlahóps Femínistafélags Íslands
(vefsíða: <http://karlarsegjaneit.net>). **Höfundur:** Ingólfur
Ásgeir Jóhannesson (örlítið breytt)

Á ráðstefnunni sem stóð mestallan daginn voru tvö
málþing, annars vegar töluðu konur um sektarkennd
kvenna; hins vegar karlar um ábyrgð karla. Deginum
lauk með umræðum og tónleikum trúbadúranna Þóris og
Lay Low. Þess á milli fóru fram táknrænir atburðir: Konur
hlóðu steinum í vörðu og ráðstefnugestir fóru niður að
Héraðsdómi Reykjavíkur til að krefjast réttlátari refsinga
fyrir kynferðisafbrot – en þannig kýs ég að túlka þá kröfu
sem sett var fram að „nýta“ betur leyfilegan refsiramma.
Það var kalt þenna dag en það hafði jákvæð áhrif á
stemmninguna; fólk kom og fór út af ráðstefnunni, lagði
sitthvað til málanna, og aðrir hlustuðu. Aðallega komu
konur en ekki má skamma karlana sem komu heldur
freista þess að fleiri vilji taka ábyrgð.

--

Þetta er málþing um ábyrgð karla í umræðunni um
kynferðislegt ofbeldi þar sem karlar freista þess að taka
við ábyrgð á málaflokknum. Og hvað ætlum við þá að
gera? Við karlar – og auðvitað er það táknrænt að segja
bara „við karlar“ – þurfum að skoða öll þau svið
samfélagsins þar sem gætu leynst möguleikar til að
breyta hugsunarhætti okkar sjálfra sem hér erum og
annarra karla.

Að mínum dómi þurfum við að
gaumgæfa **kynhlutverkin** og öll svið samfélagsins þar
sem gerðar eru ólíkar kröfur til karla og kvenna, drengja
og stúlkna. Við þurfum að skoða sérstaklega öll þau svið
þar sem forysta karla eða drengja þykir hálfpartinn
sjálfsögð – því að kynferðislegt ofbeldi, sem í
langflestum tilvikum er framkvæmt af körlum gagnvart
konum og börnum, er nátengt hefðbundnu forystu- og
yfirráðahlutverki karla ættuðu úr feðraveldinu.

Ber körlum forysta í samfélaginu? Ber drengjum forysta í barnahópum? Ber körlum forysta í hópum fullorðinna? Á **forysta** að vera **kynhlutverk**?

Getum við sætt okkur við kvenfyrirlitningu, gagnkynhneigðarrembu og hatur á hommum og lesbíum? Öll þessi skelfilegu fyrirbrigði – kvenfyrirlitning, gagnkynhneigðarremban og hatur á hommum og lesbíum – eru **nátengd** hvert öðru. Og þau eru nátengd **forréttindum** karla. **Getur verið að hér í dag séu svo fáir karlar vegna þess að konur hafa til þessa haft afgerandi forystu í umræðum um þennan málaflokk?**

Hér er ekki tími til að kortleggja öll svið – en til að nefna dæmi um svið þar sem hægt er að breyta hugsunarhætti – þar sem þarf að breyta hugsunarhætti. Ég kys að fara þá leið að ræða öll dæmin út frá hagsmunum drengja og karla. Þessi leið felur í sér þá áhættu að einhver skilji það svo að ég ætli alls ekki að gangast við ábyrgð karla heldur halda áfram að væla fyrir þeirra hönd – eins og hefur færst í vöxt, t.d. í sambandi við það að drengir séu að dragast aftur úr í skólakerfinu. Ég tek þó þeirri áskorun að tengja öll þessi dæmi við **kynhlutverk** – við **kynhlutverkatengda** mismunun og **ofbeldi**.

Ofbeldi í samfélagsinu og mismunun gagnvart konum er líka mismunun gagnvart körlum – og í mörgum tilvikum sjá karlar ekki að þeir eru líka fórnarlömb kynhlutverkakerfisins. Það er augljóst að **launamunur kynja** – og gildir þá einu hvort hann er 15 eða 30 eða 40 prósentustig – er ofbeldi gagnvart konum. Ég fullyrði að hann er **líka** ofbeldi gagnvart körlum því að hann veldur því að margir karlar vinna meira en er hollt fyrir þá sjálfa. Það hefur svo áhrif á samskiptin við konur og aðra karla þegar of mikið er unnið. Launamunurinn **skapar** um leið **völd** fyrir karla. En **veldur** hann ofbeldi? Ég er ekki bara að tala um líkamlegt ofbeldi – heldur hvers konar ójafnræði í samskiptum kynja. Launamunurinn **skapar aðstæður** þar sem hvers konar ofbeldi á of auðvelt með að þrífast. Launamunurinn stuðlar að viðhaldi þess hugsunarháttar að körlum beri að sjá fyrir konum – að vera fyrirvinnur. Og í krafti þess hafa yfirráð.

Næsta dæmi er **aldursmunur** karla og kvenna í samböndum: Fyrir nokkrum árum sá ég viðtal í glanstímariti við þrjú karl-og-konu pör þar sem konan var *cirka* tíu til fimmtán árum eldri. Þessi viðtöl voru tekin við fólkið eins og þau væru *rarítet* – meðan þykir eðlilegt að aldursmunur sé á hinn veginn. Það var bersýnilegt á viðtölunum að það var verið að fiska eftir því hvort aldursmunurinn væri ógnun við karlinn í sambandinu fremur en hvort væri jafnræði í því.

Nú er náttúrliga aldursmunur karls og konu ekki bein vísbending um ójafnræði – en aldursmunur getur hæglega aukið á launamuninn í sambandinu þannig að hann sé meiri en launamunur karla og kvenna að meðaltali þegar búið er að leiðrétta hann fyrir aldri. Ég veit ekki hversu miklu fleiri pör eru þar sem karlinn hefur hærri laun en konan. Mig grunar að munurinn sé ekki bara **mikill** heldur sé launamunur þannig að konan í sambandinu hafi hærri laun en karlinn **býsna sjaldgæfur**. Eigum við sem samfélag að skipta okkur af þessu? Sættum við karlar okkur við þess háttar sambönd?

Meira um aldursmun í samböndum: Nýlega athugaði jafnréttisráðgjafi Akureyrarbæjar fyrir nýniðurlagða jafnréttisnefnd bæjarins – nefndin var reyndar látin renna inn í samfélags- og mannréttindaráð sem meðal annars fer með forvarna- og tómstundamál til viðbótar – hvort það væru fleiri ungir foreldrar á Akureyri en annars staðar á landinu og þá einkum í öðrum stórum sveitarfélögum. Þetta var skoðað í tengslum við fjölskyldustefnu og hvort það væri þörf á sérstakri fræðslu til ungmenna á Akureyri um barneignir. Skoðuð voru sjö fjölmennustu sveitarfélögin. Akureyri reyndist vera nálægt landsmeðaltali, Reykjavík og Kópavogur voru undir því en önnur sveitarfélög sem voru skoðuð voru yfir því. Það sem var merkilegast af þessum niðurstöðum var þó **kynjamunurinn**. Athugað var hlutfall fæddra barna 13–20 ára foreldra af öllum fæddum börnum árin 2000–2005. Það voru 7,2% barna sem reyndust eiga **mæður** á þessum aldri en aðeins 2,7% sem áttu **föður** á þessum aldri. Þannig eru miklu fleiri unglingsmæður en unglingsföður á landinu öllu og var þessi munur mjög svipaður í öllum sveitarfélögum.

Getum við gert eitthvað í þessu – **eigum við að gera eitthvað í þessu?** Skiptir þetta einhverju máli í sambandi við heilbrigði mynstur í samskiptum kynja? Það er alveg óeðlilegt kynjamynstur að karl séu eitthvað frekar eldri aðilinn í sambandinu heldur en kona. Auðvitað er **aldursmunur** þó ekki uppspretta ofbeldis heldur getur hann haft óeðlileg áhrif á **valdatengslin** í samböndunum.

Að drengir séu hinir útvöldu leiðtogar barnanna kom fram í rannsókn Berglindar Rósar Magnúsdóttur frá 2003. Hún athugaði samskipti í unglingabekk í Reykjavík og bað unglingana að gefa til kynna hverjir af bekkjarfélögum þeirra væru í mestu álit. Þar kemur fram að drengir velja ekki stúlkur sem leiðtoga en stúlkur velja bæði drengi og stúlkur. Af sambærilegum toga eru erlendar niðurstöður þar sem drengir – jafnvel **litlir** drengir – viðurkenna ekki að þá geti langað til að leika við stúlkur, nema þá talað sé við þá í einrúmi. Þetta kemur svo sem vel heim og saman við það sem börnin sjá um **stjórnunarhlutverk** karla og kvenna. Í skólunum er yfirleitt miklu hærra hlutfall karla í stjórnunarstörfum en kvenna – þannig eru skólastjórar í grunnskólum yfir helmingur karlar meðan karlkyns kennarar eru bara um 20%. Þegar komið er að deildarstjórum kann þetta hlutfall að vera konum hagstæðara – en það eru skólastjórnarnir, a.m.k. í grunnskólum, sem eru langsýnilegastir sem stjórnendur. Ég get ekki stillt mig um að láta fljóta með það sem drengurinn sagði við kennslukonu sem ég tók rannsóknarviðtal við fyrir nokkrum árum: „Þú ert ekki kennari, bara leiðinleg kona!“.

Eitt af því sem drengir þurfa helst að gera til að sanna karlmennsku sína er að ganga í augun á stúlkum. Þekktar eru ímyndir um að fyrir dreng sé það flott að sofa hjá sem flestum stúlkum, meðan stúlka fær á sig annað orð fyrir að sofa hjá mörgum. Ég hygg að þessi ímynd, þessi orðræða, rugli normið hjá mörgum dreng – það er erfitt að sporna við þessari lífseigu hugmynd. Einmitt þess vegna hefur karlahópur Femínistafélagsins í samstarfi við aðra ráðstefnuhaldara haldið fram þeirri ákaflega rökréttu hugsun að nauðgun tengist körlum fremur en konum.

Eitt dæmi enn þar sem mætti breyta hugsunarhætti okkar er **paradans**. Ég hygg að paradans, t.d. gömlu dansarnir og samkvæmisdansar, sé það rými samfélagsins þar sem kynhlutverk eru í föstustum skorðum í nútímasamfélagi, einkum í því að stjórnendahlutverkið er karlsins eða drengsins. Ég hef velt því fyrir mér hvort það sé ekki eðlilegt – nú þegar dans er, góðu heilli, orðinn skyldunámsgrein í grunnskólum – að krefjast þess að stúlkum sé kennt að stjórna drengjum í paradansinum, á sama hátt og stúlkur hafa löngum dansað hver við aðra. Það merkir að drengjum verður þá líka kennt að dansa hver við annan og líka að láta að stjórn, hvort sem drengurinn dansar við stúlku eða annan dreng. Ég leyfi mér að orða þetta þannig að drengir þurfi að læra að vera **dansdömur** og stúlkur þurfi að læra að vera **dansherrar**. Í aðalnámskránni er sem betur fer **ekkert** þessu til fyrirstöðu: þar eru markmiðin orðuð á þann veg að nemandi þurfi að kunna að bjóða upp í dans og að nýta sér almennar kurteisissvenjur í samskiptum. Fyrirstaðan – ef einhver er – hún er næstum örugglega mest í kollum okkar fullorðinna.

Breyting af þessu tæi væri góð fyrir börnin, bæði drengi og stúlkur. Augljóst er að einkaréttur drengs á að bjóða upp í dans (jafnvel þótt stundum sé dömufrí) er fráleitur fyrir stúlkurnar – en það er líka fráleitt fyrir drengina að láta kenna sér á slíkan hátt að þeir eigi einkarétt til að ákveða dansfélagann og leiða dansinn. Ég tel að það væri líka góður kostur fyrir drengi að læra að verða dansdömur – þeir þyrftu þá ekki alltaf að bera meginábyrgðina á því að dansinn gangi með réttum hætti. Þetta er hluti af samfélagslegum þrýstingi á drengi um að þeir séu aular ef þeir hafa ekki frumkvæðið hvort sem það er í jákvæðum aðstæðum eins og dansinn auðvitað er eða í neikvæðari aðstæðum eins og þeim sem að ofan er lýst.

Að lokum: Auðvitað á ekki bara að höfða til hagsmuna okkar karla heldur líka skynsemi okkar og krefjast þess að við berjumst gegn **launamun** kynja, **stjórnendahlutverki** okkar í dansi eða á vinnustöðum, hálfpartinn

sjálfkjörnu **forystuhlutverki** karla á margvíslegum vettvangi og síðast en ekki síst **ofbeldi** karla gegn konum, af því allt þetta er rangt – **siðferðilega rangt**. Ég kys þó að líta á það sem sameiginlega hagsmuni karla og kvenna að endurskoða kynhlutverk til að útrýma kynhlutverkatengdri mismunun og ofbeldi, **báðum kynjum** til hagsbóta. Ef drengir eða karlar hafa á einhvern hátt dregist aftur úr er það vegna þess að við karlar höfum hingað til **látið kvenréttindakonum það um of eftir** að berjast – oft aleinar – gegn því ofbeldi sem tengist kynhlutverki – bæði því ofbeldi sem bitnar á konum og körlum, drengjum og stúlkum. Ég tel að karlar þurfi að tileinka sér femínískan hugsunarhátt og aðferðir til að ná árangri í því að breyta hugsunarhætti okkar til hagsbóta í samskiptum kynjanna. **Ábyrgð okkar til að taka þátt í umræðum um ofbeldi karla felst ekki í að taka við forystunni af konum – lærum að lúta forystu kvenna en sýnum samt frumkvæði í umræðunni.**

Meðal heimilda:

- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. 2004. *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík, Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. 2006. Drengjamenning og dömufrí. *Kennaraneminn. Blað grunnskólabrautar* [1. árg.], bls. 16–17.

© Ingólfur Ásgeir Jóhannesson 2006.

Fyrirvari: Hugmyndir eru til frjálsra nota og textann má nota, ef hann gagnast, í hvers kyns baráttu fyrir þeim málstað sem ráðstefnan stóð fyrir.